



Mars 2025

Spot Matching System (SMS litakerfið) er íslenskt litakerfi hannað og þróað samhliða fyrir **4 lita prentun** (CMYK), **vef** og **sjónvarp** af undirrituðum og er Spot-Nordic framleiðandi kerfisins. Kerfið var fyrst kynnt í desember 2018.

Aðalástæðan fyrir gerð SMS litakerfisins (grunnvinna hófst á árinu 2003) var sú staðreynd að flestir litir sem grafískir hönnuðir höfðu fram til þessa þurft að nota í grunnhönnun t.d. merkja fyrirtækja áttu það sameiginlegt að ekki var hægt að prenta viðkomandi liti í 4 lit, sem þá var í hröðum vexti og er í dag c.a. 80% af allri prentun í heiminum - og að oft var - og er ekki hægt að finna almennilega nálgun viðkomandi lita fyrir vef eða sjónvarp.

Stafræn prentun hefur færst mikið í vöxt á undanfönum árum en sömu lögmál eiga þar við og í hefðbundnu prentuninni, en auk þess er að sjálfsgöðu ekki hægt að prenta t.d. Pantone sérliti í stafrænni prentun á meðan SMS litir prentast eins óháð prentaðferð.

Viðkomandi sérlitir prentast þess utan aldrei eins á húðaðan og óhúðaðan pappír, sem er stór galli út af fyrir sig og var það annað vandamál sem SMS litakerfið leysir (SMS Standard og ECO litir prentast eins á húðaðan og óhúðaðan pappír)..

Við mælum með að hönnuðir noti SMS liti í grunnhönnun og velji sér frekar sérliti úr Pantone litakerfinu, RAL, Avery eða NCS eftir að búið er að velja SMS lit sem hentar, ef þörf krefur.

Komi upp sú staða að enginn SMS litur henti, þá er í boði sérþjónusta þar sem hönnuður getur valið sér hvaða lit sem hann eða hún vill úr hvaða litakerfi sem er sem fyrirmynd eða jafnvel mælt lit og sent okkur LAB gildi viðkomandi litar. Einnig má einfaldlega senda okkur eldra lógó eða vörumerki í vefútgáfu (sRGB) eða jafnvel layout með öllum útfærslum lita sem þarf að uppfæra upp í SMS liti. Við þurfum einungis að vita hvort óskað er eftir Standard, ECO eða MAX útgáfu, hvaða pappírsgerðir á að prenta á (Fogra eða G7 staðlar), prentstaðla prentsmiðju sem annast prentun - og hvaða prentútfærslum er óskað eftir.

Vörunúmer þessarar sérþjónustu er P10 - sjá nánar hér að neðan. Hún á einnig við um ljósmyndir sem hægt er að "frysta" sjónrænt skv. annaðhvort ECO, Standard eða MAX stöðlum.

Prentsmiðjur af flestu tagi geta prentað SMS liti rétt, hvort sem um er að ræða offset prentsmiðjur, gravure, flexo eða stafrænar prentsmiðjur - eða blandaðar prentsmiðjur. SMS litakerfið byggir á þrautreyndri tækni með icc litastjórnun, - sömu tækni og nýtt er við litastjórnun litmynda í prentun, - skv. ISO 12647 staðli (sbr. t.d. Fogra 39/ISO Coated v2). Þar af leiðandi er hægt að prenta SMS liti út á venjulega prófarkaprentara ef viðskiptavinur vill fá litréttu próförk til samþykkis áður en prentun fer fram.

Auk vefs, sjónvarps og prentunar á pappír, er hægt að panta SMS liti fyrir flestar vörur, s.s. fyrir framleiðslu í plasti, fyrir fatahönnun (textíl) og leður til að tryggja fullkomna litasamræmingu lita allstaðar þar sem þeir eru notaðir. Ef viðkomandi framleiðandi er ekki vel tækjum búinn er alltaf hægt að senda prentaða litaprufu (P6) af viðkomandi SMS lit(um) - sjá verðskrá hér á eftir.

Nýjasta útgáfa kerfisins, - útgáfa 6, samanstendur af samtals 1.738 stafrænt skilgreindum, föstum grunnlitum fyrir alla helstu miðla (vef, sjónvarp og CMYK prentun) í 5 mismunandi útfærslum, - **samtals 8.690 litum**.

Með því að velja SMS liti sem grunnliti sína í stað lita úr öðrum og eldri "analog" litakerfum, geta fyrirtæki og stofnanir í fyrsta skipti samræmt og staðlað liti sína, stafrænt og sjónrænt á milli allra helstu miðla í markaðssetningu sinni, - fyrir vef, fyrir sjónvarp og fyrir prentun, hvort sem prentað er á Íslandi eða erlendis.

SMS er eina litakerfið í heiminum sem býður upp á algjöra litsamræmingu fyrir helstu miðla - sem þýðir að ef þú ert með rétt kvarðaðan skjá, þá eiga SMS litirnir sem þú sérð á skjánum í sRGB sniði (sbr. P20, P20e og P20x) að líta eins út og sömu litir prentaðir í CMYK sniði á rétt kvarðaða prentvél/prentara, hvort sem er á húðaðan eða óhúðaðan pappír, hvort sem um er að ræða analog prentvél eða stafræna.

Önnur litakerfi á markaðnum eru "analog" í grunninn - byggð á föstum uppskriftum og því breytast litir þeirra frá einum miðli til annars / frá einni pappírsgerð yfir í aðra ef sami liturinn er notaður (sbr. munur á Pantone C og Pantone U litum), auk þess sem litir þeirra eru ekki hannaðir fyrir litaskjá af nokkru tagi né stafræna prentun.



Þar eð SMS litapalettur eru afhentar í stafrænu sRGB sniði, þurfa auglýsingastofur ekki lengur að kaupa dýrar, prentaðar litabækur til að skoða og sýna viðskiptavinum sínum SMS liti sem mælt er með.

Hönnuður getur í raun valið SMS liti beint af skjá, sent viðskiptavini hugmyndir að grunnlitum til að byrja með (með tölvupósti), klárað hönnunina og sent viðskiptavini síðan endanlega útgáfu af nýju merki eða annarri hönnun í SMS litum - þess vegna beint í síma viðkomandi - eða sett upp vefsíðu fyrir viðkomandi viðskiptavin með öllum afbrigðum viðkomandi hönnunar, - fyrir prentun, vef og sjónvarp. Við mælum þó eindregið með að viðskiptavinir skoði SMS liti til að meta þá eingöngu á kvörðuðum skjám, hvort sem er fartölvu eða frístandandi skjám.

Hægt er að kaupa vandaða skjástilla hjá Spot-Nordic frá kr. 34.900 án vsk til að tryggja að skjáinn sýni sem réttasta liti og sömuleiðis vandaða litamæla sem hægt er að nota til að mæla lit af flötu yfirborði og finna þann SMS lit sem er líkastur - sjá www.spot-nordic.com/islenska/tiptop.

Notendur ColorMeter Exact og TECHKON SpectroDens litrófsmæla (Advanced og Premium), sem Spot-Nordic selur einnig (sjá https://www.spot-nordic.com/islenska/techkon_2024.pdf) fá frían aðgang að SMS Standard v6 og SMS MAX v6 (nýtt) litasafninu *innbyggðu í viðkomandi mæli* til að finna næsta SMS Standard eða MAX lit og kalla upp hve nálægt hann er.

SMS litakerfið er rétta litakerfið ef einsleitni í völdum litum fyrir helstu miðla er markmiðið og telst það eðlilegt markmið t.d. í grunnhönnun fyrirtækjamerkja (lógóa) og vörumerkja hverskonar, sem þurfa að vera hönnuð frá grunni fyrir auglýsingabirtingar í öllum miðlum nútímans.

Það er einfaldlega fagmannlegt að skilgreina allavega grunnliti fyrirtækja og stofnana þannig að þeir breytist ekki á milli miðla og þá er einfaldasta leiðin að nota SMS liti í grunnhönnun.

Auk þess að lágmarka hættu á litasveiflum í opinberri kynningu fyrirtækisins, eru fyrirtæki sem velja SMS liti að *lágmarka kolefnisfótspor sitt*.

Með því að prenta allt efni í CMYK í stað sérlita geta fyrirtæki minnkað kolefnisfótspor við viðkomandi prentun um allt að helming. Nánari upplýsingar og rökstuðning fyrir þessari staðhæfingu er að finna á vefsíðunni www.spotmatchingsystem.com/environment.

SMS litakerfið er nú fáanlegt í 5 mismunandi útfærslum; **Standard** útgáfu, **ECO** útgáfu og **MAX** útgáfu og nýlega bættum við við **Standard** Home & Office og **MAX** Home & Office og inniheldur hver útgáfa 1.738 liti sem notandi getur síðan blandað stafrænt saman ef þörf krefur.

Standard útgáfa SMS (upprunalega útgáfan) hentar fyrir alla hönnun og auglýsingagerð fyrir alla miðla, vef, sjónvarp og prentun skv. alþjóðastöðlum. Standard SMS litirnir henta fyrir 4 lita/process prentun á hvítan, húðaðan og óhúðaðan pappír skv. Fogra 39, Fogra 47, Fogra 51 og Fogra 52 og sambærilega GRACOL/G7 prentun.

ECO útgáfan er hönnuð sérstaklega með umhverfismeðvitaða viðskiptavini í huga og hentar fyrir alla hönnun og auglýsingagerð fyrir alla miðla, vef, sjónvarp og prentun skv. alþjóðastöðlum. ECO litirnir eru fáanlegir fyrir 4 lita/process prentun á bæði hvítan sem og "off-white" pappír, húðaðan og óhúðaðan (s.s. Munken Pure) og endurnýjanlegan pappír og hentar einnig fyrir dagblaðaprentun. ECO litirnir henta fyrir prentun skv. Fogra 39, Fogra 47, Fogra 51 og Fogra 52, GRACOL/G7 og SWOP stöðlum sem og WAN-IFRA staðlinum fyrir dagblaðaprentun auk Munken Pure icc prófilsins. Að auki birtast ECO litirnir rétt á ódýrari PC fartölvuskjám sem sýna eðeins u.þ.b. 45% af NTSC litaryminu sem er u.þ.b. 60% af sRGB litaryminu.

MAX útgáfan hentar vel fyrir umbúðahönnun og markaðssetningu fyrir alla miðla, vef, sjónvarp og prentun skv. alþjóðastöðlum.

MAX litirnir eru dýpri og bjartari en Standard og ECO palettur. MAX litirnir henta fyrir 4 lita/process prentun á hvítan, húðaðan pappír skv. Fogra 39, Fogra 51 og samsvarandi GRACOL/G7 og fyrir vef og sjónvarp.

Við kynnum nú nýtt til sögunnar SMS Home & Office útfærslu af SMS Standard v6 og MAX v6 litapalettunum. SMS Home & Office inniheldur liti sem hafa verið aðlagðir að "venjulegum" PC fartölvum, þar sem litasvið skjásins er u.þ.b. 45% af NTSC litasviðinu sem er aftur u.þ.b. 60% af sRGB litasviðinu. Stór hluti fólks um allan heim reidur sig á PC fartölvur til að skoða vefsíður og kaupa flíkur og því henta SMS Home & Office litapalettur enn betur en þær upprunalegu, ef markmiðið er á annað borð að sem flestir sjái sama litinn eða sömu litina - óháð því á hvaða skjá viðkomandi litir eru skoðaðir.



Samhliða útgáfu SMS Home & Office litapalettanna, sem eru afhentar í PDF sniði bjóðum við nú sérsníðaða PC fartölvu sem Home & Office litapalettarnar eru smíðaðar með og hentar hún því fullkomlega fyrir grafíska vinnslu þar sem SMS Home & Office litirnir eru notaðir.

Hægt er að sækja nothæfa útgáfu af útgáfu 3 (v3) með 500 SMS litum í sRGB sniði án endurgjalds á vefsíðunni www.spotmatchingsystem.com/services til að skoða og prófa kerfið.

Notendur SMS litakerfisins geta sjálfir fært sína SMS liti á milli litarýma - sjá kynningu og grunnkennslu í notkun SMS litakerfisins fyrir alhliða hönnun [hér](#).

Skráðir SMS notendur og þjónustuaðilar þeirra geta einnig pantað stöðluð CMYK afbrigði þeirra SMS lita sem þeir eiga gegn gjaldi.

SMS áskrift

Fyrirtækjum, stofnunum, vörumerkjum og prentsmiðjum býðst að gerast **áskrifendur** að SMS. Áskriftargjaldið er kr. 119.900 án vsk á ári sem leggur sig út á u.þ.b. kr. 10.000 án vsk á mánuði. Auglýsingastofur geta jafnframt skráð staka viðskiptavinum eða stök vörumerki í áskrift eða haft milligöngu um slíkt.

Innifalið í áskrift til fyrirtækja, stofnana, vörumerkja eða auglýsingastofa þeirra eru CMYK afbrigði SMS lita eða sérsníðið SMS lógó/merki eða layout og litir í eins mörgum prent útfærslum og þörf krefur. Innifalið í áskrift er sRGB litapaletta með merktum SMS litum (P20) í öllum þremur útfærslum (Standard, ECO og MAX) og tæknileg ráðgjöf eftir þörfum, þ.m.t. samskipti við auglýsingastofur og prentsmiðjur til að hjálpa við að fyrirbyggja mannleg mistök í vinnslu og prentun. SMS áskrift er þægilegasta og öruggasta leiðin fyrir stærri fyrirtæki og stofnanir þar eð Spot-Nordic getur alfarið séð um að umbreyta litum viðkomandi fyrirtækis eða stofnunar yfir í það form sem hentar hverju sinni - auk þess að styðja bæði hönnuð og framleiðanda til að tryggja bestu mögulega útkomu lita þeirra fyrir alla miðla.

Sérhæfð þekking Spot-Nordic í öllu sem snýr að litum og prentun veitir framleiðendum og prenturum einnig ákveðið aðhald þegar kemur að gæðaeftirliti.

Auglýsingastofur sem vilja bjóða opinberlega upp á hönnun með SMS litum (SMS READY) geta skráð sig í áskrift og fengið þjálfun í færslu og meðferð SMS lita á milli litarýma. Árgjald auglýsingastofu er kr. 52.500 án vsk. Innifaldar eru allar 5 litapalettur SMS í sRGB sniði, auk þjálfunar.

Prentsmiðjur sem bjóða upp á prentun skv. Fogra eða G7 stöðlum geta allar prentað SMS liti og geta þar með gerst áskrifendur að SMS litakerfinu og kynnt sig sem "SMS READY" skv. eigin prentstaðli/stöðlum ef vikmörk prentunar í 4 lit (CMYK) eru innan við dE00 upp á 3 að hámarki í framleiðslu.

Hver prentsmiðja gefur upp sín eigin vikmörk. Árgjald per prentsmiðju er kr 119.900 án vsk.

SMS READY prentsmiðjur geta sótt um leyfi til að prenta SMS litabækur fyrir viðskiptavinum sína með kynningu á eigin þjónustu.

Prentsmiðjur geta sótt þrúfuprentforma fyrir helstu Fogra og G7 staðla á vefsíðuna www.spotmatchingsystem.com/technical/smsready/smstest til að kanna raunstöðu þegar kemur að prentun skv. ISO stöðlum og geta sótt um SMS READY vottun í framhaldinu og valið sér þá Fogra eða G7 staðla sem þær bjóða upp á.

Þjónusta utan áskriftar

Þjónusta Spot-Nordic og er einnig í boði utan áskriftar fyrir skráða notendur - þ.e. eigendur viðkomandi SMS litapalettu sem kostar kr. 13.500 án vsk með 12 mánaða aðgangi að þjónustu gegn greiðslu.

Notandi getur sent sRGB útgáfu af viðkomandi vörumerki - umfram allt SMS litum sem notaðir eru til sms@spot-nordic.com og geta þá t.d. prentsmiðjur haft samband við Spot-Nordic til að staðfesta viðkomandi liti eða til að panta þjónustu - sbr. viðkomandi SMS liti í viðeigandi sniði tilbúna fyrir prentun.

ATH: Gjaldið á við **viðskiptavinum**, - fyrirtæki, stofnanir eða vörumerki, - ekki hönnuði eða auglýsingastofu.

Framlengja þarf leyfið árlega til að viðhalda stöðu skráðs notanda og aðgengi að þjónustu Spot-Nordic.



Framlenging á þjónustu Spot-Nordic eftir fyrstu 12 mánuðina er ekki skilyrði en hver framlenging kostar kr. 8.900 án vsk á ári.

Hvert aukaleyfi - fyrir þjónustu við fleiri en eitt vörumerki kostar kr. 8.900 án vsk per ár per vörumerki.

Skráðir viðskiptavinir sem vilja ekki kaupa prentútfærslur SMS lita sinna hjá Spot-Nordic geta, eins og áður var minnst á, nú sjálfir umbreytt SMS litum úr sRGB (sbr. P20) yfir í það CMYK snið sem óskað er eftir sér að kostnaðarlausu - sjá <https://www.spot-nordic.com/sms/gettingstarted/>

Nýjustu útgáfurnar af ASE litapalettunum eru ónæmar fyrir mismunandi RGB icc prófílum og þó við mælum eindregið með að hönnuðir noti sRGB icc prófílinn og ljúki af allri hönnun í vefsniði áður en litir eru færðir yfir í önnur litarými s.s. CMYK eða annað, þá geta notendur nú unnið verkefni með P3 eða Adobe RGB prófílinn í vali og valið sér sína SMS liti úr "Swatches" palettunni í Adobe eða Affinity forritum.

Grunnurinn fyrir rétta notkun SMS lita er sem fyrr sá að prentsmiðja eða framleiðandi er aldrei látin um að umbreyta RGB yfir í CMYK. Notandinn - þ.e. hönnuður sér alltaf um að umbreyta frá sRGB yfir í endanlega CMYK útgáfu og viðkomandi CMYK icc prófíll er svo embedaður með viðkomandi skjali til að fyrirbyggja misskilning þegar kemur að vali á pappír.

Spot-Nordic er umboðsaðili fyrir mörg öflugustu fyrirtæki heims í framleiðslu tækja og hugbúnaðar fyrir litastjórnun og aðstoðum við prentsmiðjur í öllum geirum við að prenta rétt samkvæmt ISO stöðlum, bæði á húðaðan og óhúðaðan pappír, sé þess óskað, t.d. skv. Fogra 39, Fogra 47, Fogra 51 eða Fogra 52 eða skv. GRACOL/G7 stöðlum og bjóðum til sölu búnað sem gerir prentsmiðjum kleift að ná sjálfum fullkominni stjórn yfir litaprentun og samræmi í litprentun á milli prentvéla sem aftur gerir þeim kleift að prenta samkvæmt ISO 12647 staðli, hvort sem er skv. Fogra eða G7, - eða hvorttveggja.

Við bjóðum bæði auglýsingastofum og prentsmiðjum flest sem þarf til að ná fullum tókum á litastjórnun fyrir skjá og fyrir prentun - sjá nánari upplýsingar á vefsíðunni <https://spot-nordic.com/islenska/tiptop>

Helstu SMS vörur

Innifalið í verði á SMS P20 litapalettu er 12 mánaða þjónusta Spot-Nordic við 1 vörumerki. Hægt er að kaupa þjónustu við fleiri vörumerki á kr. 8.900 per vörumerki per ár.

Þjónusta felur í sér almenna aðstoð með tölvupósti eða í síma gegn greiðslu (sjá verðskrá hér að neðan) og vistun á viðkomandi vörumerki og litum viðkomandi vörumerkis í sRGB sniði. Viðskiptavinir er einnig heimilt að vísa þeim sem vinna með viðkomandi vörumerki beint á Spot-Nordic ef spurningar vakna um t.d. prentsnið.

Framlenging um 12 mánuði kostar kr. 8.900 án vsk per litapalettu per vörumerki fyrir allar neðangreindar litapalettur. Ekki er skylda að framlengja þjónustusamning fyrir vörumerki eftir fyrsta árið, telji viðskiptavinur ekki þörf á því og fellur þá öll þjónustu við viðkomandi vörumerki að hálfu Spot-Nordic út.

Eigendur SMS P20 litapaletta geta sótt um **SMS READY EXPERT** vottun (á eingöngu við einstaklinga). Viðkomandi fær þá grunnkennslu í notkun SMS lita og þarf að sýna fram á að hann/hún geti unnið með og fært SMS liti frá einu litarými til annars.

Verð fyrir SMS READY EXPERT vottun er kr. 8.900 án vsk. Þessi vottun hefur ekkert með hæfni viðkomandi sem hönnuðar að gera, heldur prófar eingöngu tæknilega getu viðkomandi til að færa SMS liti á milli litarýma á réttan hátt.

Mikilvægt er að viðskiptavinur, auglýsingastofa eða hönnuður láti Spot-Nordic í té afrit af öllum layoutum viðkomandi viðskiptavinar með sundurliðun á þeim SMS litum sem notaðir eru, í png eða PDF sniði, 72dpi, sRGB fyrir hvert vörumerki sem er formlega skráð hjá Spot-Nordic sem SMS notandi.



Verðskrá

SKU P20e v6 1.738 Labelled ECO Colours in sRGB format	SMS P20e ECO, útgáfa 6 (hentar fyrir P60 litarymið) sRGB afhent í PDF sniði. 1.738 litir fyrir alla hönnun. Off-white, mildir litir bestaðir fyrir dagblaðaprentun skv. WAN-IFRA / ISO 12647-3. Hægt að færa yfir í flest litasvið - sjá hér . Hentar fyrir flesta skjái, þar með talið "venjulega" PC fartölvuskjái sem sýna c.a. 45% af NTSC / 60% af sRGB litasviðinu. Kr. 13.500 án vsk
SKU P20 v6 1.738 Labelled Standard Colours in sRGB format	SMS P20 Standard, útgáfa 6. sRGB afhent í PDF og ASE sniði. 1.738 litir fyrir alla hönnun. Náttúrulegir, fallegir litir, bestaðir fyrir prentun skv. Fogra 39 og Fogra 47 (hvítur, húðaður eða óhúðaður pappír/hvít efni). Hentar fyrir skjái sem sýna allavega 100% sRGB litarymi. Kr. 13.500 án vsk
SKU P20x v6 1.738 Labelled MAX Colours in sRGB format	SMS P20x MAX, útgáfa 6. sRGB afhent í PDF og ASE sniði. 1.738 litir fyrir alla hönnun. Bjartir, fallegir litir, bestaðir fyrir prentun skv. Fogra 39 (hvítur, húðaður pappír/hvít lokuð efni). Hentar fyrir skjái sem sýna allavega 100% sRGB litarymi. Kr. 13.500 án vsk
SKU P20o v6 1.738 Labelled Standard Colours in sRGB format. Home & Office	SMS P20o Standard, útgáfa 6 - HOME & OFFICE (P60 litrymi) sRGB afhent í PDF sniði. 1.738 litir fyrir alla hönnun. Náttúrulegir, fallegir litir, bestaðir fyrir prentun skv. Fogra 39 og Fogra 47 (hvítur, húðaður eða óhúðaður pappír/hvít efni). Litir aðlagðir að "venjulegum PC fartölvuskjáum" með c.a. 45% NTSC / 60% sRGB litarymi, fyrir hámarks stöðugleika í lit, óháð skjá. Kr. 13.500 án vsk
SKU P20xo v6 1.738 Labelled MAX Colours in sRGB format. Home & Office	SMS P20xo MAX, útgáfa 6. HOME & OFFICE (P60 litrymi) sRGB afhent í PDF sniði. 1.738 litir fyrir alla hönnun. Bjartir, fallegir litir, bestaðir fyrir prentun skv. Fogra 39 (hvítur, húðaður pappír/hvít lokuð efni). Litir aðlagðir að "venjulegum PC fartölvuskjáum" til að lágmarka óvæntar litasveiflur. Kr. 13.500 án vsk

SPOT

matching system




Kr. 4.500 án vsk pr. lit pr. prentstaðal.

SMS P9 - stakur SMS CMYK litur

Afhent í PDF eða PNG sniði.

Velja þarf prentstaðal s.s. Fogra 39, Fogra 47 etc.



SMS P10 - Yfirfærsla merkis, ljósmyndar eða layouts yfir í SMS liti.

Afhent í PDF sniði, sRGB. Hægt að velja um SMS Standard, ECO, MAX, Standard Home & Office eða MAX Home & Office liti - sjá hér að neðan.

Sendið okkur merki (lógó) eða layout í allavega 72 ppi upplausn.

Kr. 20.900 án vsk per vörumerki. Innifallinn er 12 mánaða aðgangur að litapjónustu.

Viewing condition: D50/2° Measurement condition: M1



Brand name.....

Job ID/type.....

Manufacturer/Printer:.....



P6

SMS P6 - litasýnishornamiðar

Stærð: 7,6 x 10,5 cm pr. miða, pr. reit: 1 x 1,5 cm.
Hægt að velja "Standard", "ECO" eða "MAX".

SMS litir viðskiptavinar. Sendist með verkefni í framleiðslu og fyrir gæðaeftirlit innan fyrirtækis.

Fáanlegt á húðaðan eða óhúðaðan pappír.

8, 16 eða 32 miðar pr. örk.

P6c (húðaður pappír): kr. 2.190 án vsk pr. miða.

P6u (óhúðaður pappír): kr. 2.190 án vsk pr. miða.

Fyrir SMS áskrifendur:


8 miðar, 16 eða 32 miðar pr. örk.

P6c (húðaður pappír): kr. 1.390 án vsk pr. miða.

P6u (óhúðaður pappír): kr. 1.390 án vsk pr. miða

Do you know what a media neutral colour means?
We have 1.738 media neutral colours, suited for anything.

Visit the TECHKON stand at Drupa to see for yourself
and try out the only SMS READY Spectro-Densitometer
in the world in Hall 9/A03.



SMS G-20 SMS J-20 SMS K-20

SMS READY
TECHKON
SpectroDens - Spectro-Densitometer

TECHKON SpectroDens litrófsmælir

TECHKON SpectroDens Spectro Densitometer
mælirinn er einn vandaðasti litrófsmælir í heimi.

Mælirinn hentar fullkomnlega til notkunar í prentsal en er einnig afar gagnlegur til að fylgjast nákvæmlega með framleiðslu og nákvæmni í framleiðslu og prentun, þar sem krafist er nákvæmni þegar kemur að litum.

SMS Standard og MAX v6 litakerfin eru innbyggð í SpectroDens litrófsmælinn (Advanced/Premium).

Mælirinn er einnig eini litrófsmælirinn á markaðnum sem er með formlega SMS READY vottun.


Verð frá kr. 899.000 án vsk. Pay & Pay kjör í boði.

Sjá nánar verðskrá TECHKON [hér](#).

SPOT

matching system

ColorMeter Exact litrófsmælir



Mælirinn er nægilega nettur til að hægt er að stinga honum í vasann. Hann tengist snjallsímanum í gegnum app sem fylgir með í kaupunum.

Colormeter Exact er ekki jafn nákvæmur og SpectroDens mælirinn, en hann er nægilega nákvæmur til að hann nýtist til að finna næsta SMS lit og til að fylgjast nákvæmlega með völdum litum viðskiptavina sem hægt er að vista í appið.

SMS Standard v6 litakerfið og SMS MAX v6 litakerfin eru innbyggð í appið auk Pantone C og U.

Verð kr. 89.900 án vsk

Sjá nánari upplýsingar [hér](#).



P60: Verð frá kr. 79.900 án vsk

SMS P60 - Home & Office

Vönduð og létt PC fartölva sérsníðuð fyrir grafíska vinnslu með SMS Home & Office litapalettunum.

Skjárin sýnir u.þ.b. 60% af sRGB litasviðinu sem er tiltölulega algengt og því ættu hönnuðir sem eru í vörumerkjahönnun tvímælalaust að íhuga að nota SMS Home & Office litakerfin (ECO, Standard eða MAX) til að tryggja að ekki séu notaðir litir fyrir vef sem birtast ekki rétt fyrir stóran hluta viðskiptavina.

Sama á við um framleiðendur fata og annarra vara sem selja vörur sínar á vefnum.

Sjá nánar www.spot-nordic.com/islenska/tiptop

Nánari upplýsingar um SMS litakerfið á íslensku er að finna á vefsíðunni www.spotmatchingsystem.com/islenska og á ensku á vefsíðunni www.spotmatchingsystem.com.

Vinsamlega sendið pantanir eða fyrirspurnir á sms@spot-nordic.com eða hafið samband við undirritaðan í síma 896 9790 til að ræða málin.

Ingi Karlsson

Framkvæmdastjóri og eigandi



Spot-Nordic

Spóahólum 4, (201)

111 Reykjavík

Sími: 553 4070 / 896 9790